Nr. 30.
11.
desbr.

# Lög

um

þóknun handa hreppsnefndarmönnum.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ef meiri hluti gjaldenda þeirra, er kosningarrjett eiga að lögum, samþykkir á hreppaskilaþingi, má veita þeim manni, er gjaldheimtu hefur á hendi fyrir sveitarsjóðinn, þóknun, er sje allt að 4 % af hinu innheimta gjaldi, en ábyrgjast skal hann, ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis af þeim tekjum, er lögtaksrjettur fylgir, nema lögtak hafi reynzt árangurslaust.

2. gr.

Oddvita hreppsnefndar má veita þóknun af sveitarsjóði, 25—75 kr. árlega, ef gjaldendur samþykkja, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr.

3. gr.

Samþykki það, sem um er rætt í 1. og 2. gr., gildir fyrir 3 ár í senn.

4. gr.

Sjerhver ágreiningur, er rísa kann út af lögum þessum, heyrir undir fullnaðarúrskurð sýslunefndar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 11. desbr. 1891.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Lov

om

## Honorar til Medlemmer af Repsforstanderskaber.

Nr. 30.
11te
Decbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar Majoriteten af de ifølge Lovgivningen valgberettigede Skatteydere dertil meddeler sit Samtykke paa et Repsting, kan der tilstaas den Mand, som besørger Oppebørselen af Repskassens Indtægter, et Honorar af indtil 4% af den oppebaarne Indtægt, men naar han modtager Honoraret, er han ansvarlig for, at Repskassen ikke lider noget Tab i de Indtægter, som ere forbundne med Udpantningsret, medmindre Udpantning har været prøvet forgæves.

§ 2.

Repsforstanderskabets Formand kan der tilstaas af Kommunens Kasse et Honorar af 25—75 Kr. aarlig, saafremt Skatteyderne paa den i § 1 fastsatte Maade dertil meddele deres Samtykke.

§ 3.

Det i §§ 1 og 2 omhandlede Samtykke gælder for 3 Aar ad Gangen.

§ 4.

Enhver Meningsforskel, der maatte opstaa i Anledning af denne Lov, afgøres endelig af vedkommende Sysselforstanderskab.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11te December 1891.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*